

Súðavíkurhreppur
Árni Traustason,
byggingarfulltrúi
Grundarastræti 3
420 Súðavík

Umhverfisstofnun
Áb. _____
12. sep. 2011 10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. september 2011
UST20110800094/hmj

Efni: Breytingar á aðalskipulagi Súðavíkurhrepps 1999-2018

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Súðavíkurhrepps dags. 17. ágúst sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um ofangreindar skipulagsbreytingar. Samkvæmt greinargerð er um að ræða þrjár breytingar, í Heydal í Mjóafirði, að Hesti í Hestsfirði og að Hlíð í Alftafirði.

Heydalur

Samkvæmt greinargerð er fyrirhugað að breyta 229 ha svæði í Heydal, sem ætlað er undir frístundabyggð og skógrækt, þannig að innan svæðisins verði 10 ha verslunar- og þjónustusvæði í þágu ferðamanna. Áformað er koma upp um 1500 m² móttöku- og þjónustuaðstöðu fyrir ferðafólk, þar á meðal alhliða gistikostum, ferðaþjónustu, tjaldsvæði, frístundahúsum og annari viðeigandi starfsemi.

Umhverfisstofnun bendir á að Heydalur er á náttúruminjaskrá (nr. 319). Um svæðið segir í náttúruminjaskrá:

Mjóifjörður, Súðavíkurhreppi (áður Reykjafjarðarhr.), N-Ísafjarðarsýslu. (1) Vestanverður Mjóifjörður, Heydalur, Gljúfradalur, Seljadalur og Látur, ásamt aðliggjandi fjallendi. Suðurmörk liggja um Botnsfjall, Grimshól og í hreppamörk vestan Djúpavatns, þaðan upp hreppamörk allt norður að Digranesi. (2) Fjölbreytt landslag, fagurt og gróskumikið kjarrendi.

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið tengist rotþróm og jafnframt að haft skuli samráð við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða um nánari útfærslu frárennslis- og úrgangsmála. Umhverfisstofnun bendir á að fylgja þurfi ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og bendir jafnframt á leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir.

Umhverfisstofnun bendir á að við hönnun allra húsa og annarra mannvirkja skal fylgja

ákvæðum 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og gæta þess að þau falli sem best að svipmóti lands. Jafnframt bendir stofnunin á 36. gr. sömu laga um ræktun þar sem fram kemur að við skógrækt og aðra ræktun skuli þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd um hættu á röskun náttúruminja þarf að leita umsagnar Umhverfisstofnunar og tilkynna um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði náttúruminjum á náttúruminjasrá.

Hestur

Samkvæmt greinagerð er fyrirhugað að svæði að Hesti, áætlað undir frístundahús, verði að 77 ha svæði fyrir frístundabyggð með 10-15 frístundahúsum og skógræktarsvæði.

Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða um útfærslu frárennslis- og úrgangsmála. Umhverfisstofnun bendir á að fylgja þurfi ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og bendir jafnframt á leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir.

Umhverfisstofnun bendir á að við hönnun allra húsa og annarra mannvirkja skuli fylgja ákvæðum 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og gæta þess að þau falli sem best að svipmóti lands. Jafnframt bendir stofnunin á 36. gr. sömu laga um ræktun þar sem fram kemur að við skógrækt og aðra ræktun skuli þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

Hlíð


Að Hlíð er fyrirhuguð stækkun á frístundabyggð og skógræktarsvæði úr 65 ha í 80 ha.


Í lýsingu kemur fram að skipulagssvæðið haft verði samráð við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða um útfærslu frárennslis- og úrgangsmála. Umhverfisstofnun bendir á að fylgja þurfi ákvæðum reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og bendir jafnframt á leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir.

Umhverfisstofnun bendir á að við hönnun allra húsa og annarra mannvirkja skuli fylgja ákvæðum 35. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og gæta þess að þau falli sem best að svipmóti lands. Jafnframt bendir stofnunin á 36. gr. sömu laga um ræktun þar sem fram kemur að við skógrækt og aðra ræktun skuli þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við breytingar aðalskipulagsins.

Virðingarfyllt


Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri


Halla M. Jóhannsdóttir